LANDSSAMBAND LÍFEYRISSJÓÐA
SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. 116 / 795
komudagur 14 / 1 1993

Reykjavík 11. janúar 1993

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
150 - Reykjavík.

Samkvæmt frumvarpi til lánsfjárlaga 1993, eftir breytingartillögur meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar er gert ráð fyrir lántökum Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð kr. 3.860 milljónir og Byggingarsjóðs verkamanna að fjárhæð kr. 6.870 milljónir, eða samtals **kr. 10.730 milljónir** innanlands og þá væntanlega hjá lífeyrissjóðunum.

Landssamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða vilja vekja athygli nefndarinnar á þeirri staðreynd að lántökur fyrrgreindra sjóða hjá lífeyrissjóðunum námu **kr. 7.363 milljónum** á öllu árinu 1992. Þannig er gert ráð fyrir auknum lántökum hjá lífeyrissjóðunum um **kr. 3.367 milljónir** eða um **45,7%** á árinu 1993. Fyrrgreindar lánveitingar koma til viðbótar kaupum lífeyrissjóðanna á húsbréfum en útgáfa húsbréfa á árinu 1993 er talin verða álíka mikil og á árinu 1992.

Eins og fyrrgreindar tölur bera með sér er stefnt að stórauknum lántökum Húsnæðisstofnunar hjá lífeyrissjóðunum á næsta ári og verður ekki annað séð en afleiðingin yrði raunvaxtahækkun en ekki lækkun raunvaxta eins og stefnt er að. Lífeyrissjóðasamtökin harma að fulltrúar þeirra hafa ekki verið kallaðir fyrir nefndina þannig að benda megi nefndarmönnum á hversu stórfelld mistök hér eru í uppsiglingu.

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands almennra lífeyrissjóða

f.h. Landssambands lífeyrissjóða

Samrit: Fjármálaráðherra
Félagsmálaráðherra